



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Tíðniheimild og skilmálar

fyrir stafrænt sjónvarp á MMDS rásum

### 1. Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) heimilar hér með Fjarskiptum ehf., kt. 470905-1740, notkun á MMDS rásum til stafrænna sjónvarpsútsendinga með þeim skilyrðum sem tilgreind eru hér að neðan. Um er að ræða rásir 2-8, 10-18, og 20-21 (alls 18 rásir) á suðvesturhorninu annars vegar og rásum 1-8, 10-18 og 20-21 á Suðurlandi (alls 19 rásir).

### 2. Tíðnisvið og búnaður

Með MMDS rásum er átt við tíðnisviðið 2500-2684 MHz, sem skiptist í 23 rásir með 8 MHz bandbreidd hver rás, samtals 184 MHz.

Allur radióbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að hann uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Áður en sendir eða endurvarpi er tekinn í notkun skal tilkynna það til PFS og fá formlegt samþykki áður en starfræksla hefst. Í tilkynningu um nýjan sendi og/eða endurvarpa skal veita eftirfarandi upplýsingar:

- Staðsetning loftnets
- Sendiafl (hámark 20 W e.i.r.p.)
- Stefna
- Tíðnir (rásarnúmer)
- Sendibúnaður (framleiðandi, gerð, raðnúmer)

### 3. Útbreiðslusvæði

Heimild til útsendinga og endurvarps þeirra nær til sama svæðis og upphaflegar tíðniheimildir, þ.e. til suðvesturhorns landsins frá Suðurnesjum til Akraness annars vegar og á Suðurlandi frá Heiðinni háu að Kirkjubæjarklaustri hins vegar.

### 4. Truflanir

Leyfishafi skal tryggja að búnaður í hans umráðum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum.

Leyfishafa ber að tilkynna PFS um þær truflanir sem honum eru kunnar hvort sem þær eru af völdum hans kerfis eða á því.

PFS getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að girða fyrir vanda vegna truflana. Leyfishafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum PFS um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði hans.

PFS getur látið innsigla búnað, sem veldur alvarlegum truflunum eða bannað notkun hans sbr. 50. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999.

Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur PFS afturkallað heimild þessa.

## **5. Skilvirk notkun**

Notkun skal vera með þeim hætti að sendar séu út að lágmarki 4 dagskrár samtímis á hverri rás. Hverja dagskrá skal aðeins senda út á einni rás á hverjum tíma. Ef nýting á rás er minni en sem þessu nemur er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að fella niður heimild til notkunar á viðkomandi rás.

Verði notkun tíðna hætt og ekki hafin aftur innan fjögurra mánaða eða falli hljóðmiðlunarleyfi úr gildi þar sem það á við, fellur heimild fyrir viðkomandi tíðni sjálfkrafa niður.

## **6. Aðgangur**

Leyfishafa ber að veita öðrum aðgang að sendikerfinu í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

## **7. Árleg gjöld**

Leyfishafi greiði árleg gjöld skv. gildandi lögum, reglum, og gjaldskrá PFS hverju sinni, fyrir tíðniotkun og starfrækslu sendibúnaðar.

## **8. Gildistími**

Heimild þessi gildir til 27.6.2014.

## **9. Framsalsbann**

Heimild þessi er ekki framseljanleg með neinum hætti.

## **10. Áskilnaður um breytingar**

PFS er heimilt að breyta skilyrðum þessarar heimildar til samræmis við breytingar á lögum og reglugerðum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks. Leiði breytingar á leyfistímanum til skerðinga á réttindum leyfishafa öðlast hann ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

## **11. Afturköllun**

PFS getur fellt niður heimild þessa ef leyfishafi stendur ekki í skilum með greiðslur gagnvart PFS eða ef um alvarlegt brot er að ræða á skilyrðum heimildarinnar, lögum um fjarskipti, lögum um PFS, reglugerðum um fjarskipti eða reglum settum af PFS.

## **12. Annað**

Forsenda heimildar þessarar er m.a. að hún hafi engin áhrif á núverandi útsendingar og móttöku annarra leyfishafa á MMDS tíðnisviðinu.

Tíðniheimild þessi er framlenging á fyrri tíðniheimildum Og Fjarskipta ehf kt. 470905-1740 dags 26.2.2008 um þrjú ár með hugsanlegum möguleika á enn frekari framlengingu að þeim tíma loknu ef aðstæður leyfa.

Reykjavík 29.2.2012

---

Þorleifur Jónasson  
Tæknideild PFS